

lands, vegna Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna
f. h. Félags matreiðslumanna, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 20. júní 1973.

Nr. 6/1973. **Vinnuveitendasamband Íslands f. h.
Meistarafélags járníðnaðarmanna vegna
Vélsmiðju Jens Árnasonar h/f**

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h.

Félags járníðnaðarmanna

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómarar:

Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds,
Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Stéttarfélagi heimilt að banna félagsmönnum sínum
að vinna með utanfélagsmanni.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 9.
f. m., af Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Meistarafélags
járníðnaðarmanna vegna Vélsmiðju Jens Árnasonar h/f gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. Félags járníðnaðarmanna.

Stefnandi gerir þessar dómkröfur í málinu:

1. að dæmt verði, að verkfall, sem hófst í Vélsmiðju Jens
Árnasonar h/f 2. maí og enn stendur yfir, sé ólöglegt,
2. að stefnda verði dæmt að greiða sekt vegna þessa ólög-
mæta verkfalls,
3. að dæmt verði, að stefndi beri bótaábyrgð á tjóni, sem
hlýzt af hinu ólöglega verkfalli og
4. að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað
að skaðlausu eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Undanfarið eða nánar tiltekið frá því í júnímánuði 1971 hefur járniðnaðarsveinninn Jens G. Friðriksson starfað hjá Vélsmiðju Jens Árnasonar h/f. Er Jens hluthafi í nefndu hlutafélagi.

Í 12. gr. kjarasamnings milli Félags járniðnaðarmanna og Meistarafélags járniðnaðarmanna, en málsaðiljar eiga báðir aðild að þeim samningi, er svo um samið, að atvinnurekendum skuli greiða 1% af útborguðu kaupum sveina í sjúkrasjóð Félags járniðnaðarmanna og enn fremur 0.25% af sama kaupum í orlofssjóð stéttarfélagins.

Í bréfi, er stefndi skrifar vélsmiðjunni 9. apríl sl., vísar hann til þess, að hann hafi oftsinnis óskað þess við Jens Friðriksson, að hann gerðist félagsmaður og greiddi félagsgjöld til stefnda, en hann hafi hafnað því. Þá vísar stefndi í bréfi þessu og til þess, að vélsmiðjan hafi einnig hafnað því að greiða sjúkrasjóðs- og orlofsgjald til stefnda vegna Jens samkvæmt 12. gr. kjarasamningsins. Er í bréfi þessu vísað til þess, að stefndi hafi ítrekað og nú síðast 5. apríl þ. á. reynt að ná samkomulagi við vélsmiðjuna um framangreindar greiðslur, en hún hafnað öllum tilmælum stefnda í þá átt.

Samkvæmt þessu segist stefndi því tilneyddur í samræmi við 12. gr. félagslaganna sinna að láta þá félagsmenn sína, sem starfað hafi með Jens Friðrikssyni, „hætta störfum hjá fyrirtæki yðar“.

Í 12. gr. félagslaganna, sem vísað er til, segir svo:

„An samþykkis félagsins er félagsmönnum óheimilt að vinna með utanfélagsmönnum að járniðnaði“.

Bréfi sínu lýkur stefndi á þessa leið:

„Vegna þess sem að framan er rakið tilkynnist yður hér með, að félagsmönnum í Félagi járniðnaðarmanna er óheimilt að starfa hjá Vélsm. Jens Árnasonar h/f frá og með 30. apríl, hafi ekki áður tekizt samkomulag um félagsgjaldagreiðslur frá Jens G. Friðrikssyni og sjúkrasjóðsgjald og orlofsgjalds greiðslur vegna hans til Félags járniðnaðarmanna“.

Vélsmiðja Jens Árnasonar h/f sinnti ekki þessari kröfu stefnda og ritaði stefndi vélsmiðjunni því næst hinn 18. apríl sl. svohljóðandi bréf:

„Á fundi trúnaðarmannaráðs Félags járníðnaðarmanna 1 gær, 17. apríl, var gerð grein fyrir bréfi frá Félagi járníðnaðarmanna til fyrirtækis yðar, dags. 9. apríl sl.

Trúnaðarmannaráð félags vors samþykkti ákvörðun stjórnar félagsins, sem tilkynnt var yður í bréfi dags. 9. apríl 1973 og byggð er á 12. gr. laga Félags járníðnaðarmanna.

Vér tilkynnum því Vélsm. Jens Árnasonar vinnustöðvun félagsmanna vorra frá 30. apríl n. k., hafi ekki áður tekizt samkomulag um það ágreiningsefni, sem fram kemur í bréfi voru frá 9. apríl sl.

Þetta tilkynnist yður hér með“.

Þessu svaraði Vinnuveitendasambands Íslands með svohljóðandi bréfi, dags. 27. apríl:

„Oss hefir fyrir milligöngu Meistarafélags járníðnaðarmanna borizt heiðrað bréf yðar til Vélsmiðju Jens Árnasonar h.f., Súðavogi 14, Reykjavík, dags. 18. 4. s.l., þar sem þér tilkynnið fyrirtækinu vinnustöðvun frá og með 30. apríl n. k., hafi ekki áður tekizt samkomulag um það ágreiningsefni, er fram kemur í bréfi yðar til sama aðila, dags. 9. apríl s.l.

Þar sem þau atriði, er þér tilgreinið í bréfi yðar frá 9. apríl, eru ekki þess eðlis, að gera megi verkfall í þeim tilgangi að knýja þau fram, sbr. II. kafla l. nr. 80 frá 11. júní 1938, mótmælum vér téðu verkfalli, ef til framkvæmda kemur, sem algerlega ólöglegu og áskiljum umhbj. vorum rétt til skaðabóta vegna alls þess tjóns, sem af því kann að leiða“.

Samkomulag náðist ekki milli málsaðilja um framangreint deiluatriði. Hættu félagsmenn stefnda vinnu hjá Vélsmiðju Jens Árnasonar h/f 2. maí sl. og 9. s. m. höfðaði stefnandi mál þetta, eins og áður er rakið.

Dómkröfur stefnanda í máli þessu eru byggðar á þeim grundvelli, að Jens G. Friðriksson hafi vegna eignaraðildar sinnar að Vélsmiðju Jens Árnasonar ekki talið rétt að gerast félagsmaður í Félagi járníðnaðarmanna og hafi hann því

neitað að greiða félagsgjöld til þess. Hafi vélsmiðjan af þessari ástæðu ekki getað orðið við ósk stefnda um að draga félagsgjöld til Félags járníðnaðarmanna af kaupum hans eða að greiða gjöld hans vegna til sjúkrasjóðs og orlofssjóðs félagsins, og þar sem svona stóð á, hafi sér heldur ekki verið skylt samkvæmt 12.1. gr. kjarasamnings aðilja að greiða nefnd gjöld, þar sem greiðsluskylda samkvæmt nefndu ákvæði sé bundin því skilyrði, að sveinn sé félagsbundinn í Félagi járníðnaðarmanna.

En hvornig sem lítið sé á þetta ágreiningsefni, hafi stefnda verið óheimilt vegna ákvæða 17. gr. laga nr. 80/1938 að hefja verkfall til þess að knýja fram sinn skilning á málinu. Milli aðilja sé gildur kjarasamningur. Eigi Félagsdómur því úrskurðarvald um þann ágreining, sem hér sé um að tefla, og verkfall af þeim sökum ólöglegt og refsivert. Þá telur stefnandi, að stefndi hafi með ólöglegu verkfalli fellt á sig bótaskyldu á öllu því tjóni, sem af því hljótist og vísar í því efni til 8. gr. laga nr. 80/1938. Hins vegar sé ekki í máli þessu unnt að gera kröfu til ákveðinnar bótafjárhæðar, þar sem verkfallið standi enn og ekki verði séð, hvert tjón verði af völdum þess fyrr en því lýkur.

Sýknukrafa stefnda er studd þeim rökum, að samkvæmt gildandi kjarasamningi skuli félagsmenn stefnda sitja fyrir allri vinnu, sem heyrir undir iðngreinar járníðnaðar. Jafnframt sé um það samið, að vinnuveitandi skuli halda eftir af kaupum hvers félagsbundins sveins því vikugjaldi, sem hverjum félagsmanni beri að greiða til Félags járníðnaðarmanna. Þá sé svo kveðið á í 12. gr. kjarasamningsins, að atvinnurekandi greiði tiltekinn hundraðshluta af útborguðu kaupum sveina í sjúkra- og orlofssjóði sveinafélagsins. Um þessi atriði hafi á undanförunum árum skapast fastar venjur á þá lund, að vinnuveitendur greiði félagsgjöld og nefnd sjóðsgjöld vegna starfsmanna sinna, án tillits til þess, hvort þeir hafi öðlazzt full félagsréttindi í stéttarfélagi því, sem hlut á að máli. Hafi aldrei komið til nokkurs ágreinings út af þessum atriðum milli vinnuveitenda og Félags járníðnaðarmanna fyrr en nú, að járníðnaðarsveinninn Jens Gunnar Friðriksson, sem lokið hafi prófi í vélvirkjun árið 1971 og frá þeim tíma

unnið hjá stefnanda, hafi ekki fengizt til þess að ganga í Félag járníðnaðarmanna og stefnandi, Vélsmiðja Jens Árnasonar h/f, ekki heldur fengizt til að greiða framangreind gjöld hans vegna til félagsins. Þessi afstaða stefnanda sé andstæð beinum ákvæðum gildandi kjarasamninga og áratuga venju og skipti það engu máli í þessu sambandi, þótt Jens Gunnar sé hluthafi í vélsmiðjunni, því um hann gildi þrátt fyrir það sömu reglur og aðra starfsmenn þar. Hann njóti góðs af kaup- og kjarasamningum stefnda, og sé það reyndar ekki óalgengt, einkum í byggingavinnu, að sveinar séu hluthafar í byggingafélögum, og hafi enginn af þeirri ástæðu gert tilraun til að koma sér undan greiðslu sammingsbundinna gjalda.

Þar sem vélsmiðjan hafi nú ekki viljað fylgja viðteknum reglum um greiðslu þessara gjalda, en stefndi ekki átt þess kost að fá Jens Gunnar dæmdan inn í Félag járníðnaðarmanna, hafi stefndi ekki átt annars úrkosta, þegar félagsmenn stefnda neituðu að vinna með utanfélagsmanni, en að beita ákvæðum 12. gr. félagslaga sinna. Hafi ákvörðun um það verið tekin á trúnaðarráðsmannafundi í félaginu 17. apríl sl. og tilkynnt stefnanda með ríflegum fyrirvara. Sé þetta í alla staði lögleg ákvörðun, og ekki um verkfall að ræða, þótt ákvörðunin hafi verið gerð með þeim hætti sem um verkfallsboðanir gildi. Það hafi verið gert umfram skyldu, því félagsmönnum stefnda hafi, eins og á stóð, verið heimilt að ganga fyrirvaralaust út af vinnustað stefnanda. Telur stefndi, að þessar málsástæður hans leiði til þess, að sýkna beri hann algerlega af öllum kröfum stefnanda.

Ágreiningslaust er í máli þessu, að stefndi hafi oftsinnis eftir að Jens Gunnar öðlaðist sveinsréttindi í járníðnaði og hóf störf í þeirri iðngrein í júnímánuði 1971 í vélsmiðju stefnanda, óskað þess, að hann gerðist félagsmaður í Félagi járníðnaðarmanna. Ekki er heldur ágreiningur um það, að vélsmiðjan hafi jafnan neitað að greiða framangreind gjöld til Félags járníðnaðarmanna. Því hefur ekki verið haldið fram, að Jens Gunnar skorti almenn skilyrði til þess að vera félagsmaður í Félagi járníðnaðarmanna, og eigi verður talið, að hlutfjáreign hans í Vélsmiðju Jens Árnasonar h/f sé á

nokkurn hátt því til hindrunar, að hann hafi full félagsréttindi í nefndu stéttarfélagi.

Þegar litið er til þessara staðreynda, verður að telja, að Félagi járníðnaðarmanna hafi verið heimilt að heita þeim ákvæðum 12. gr. félagssamþykktta sinna, að félagsmenn þess ynnu ekki í vélsmiðju stefnanda að járníðnaði með utanfélagsmanninum Jens Gunnari Friðrikssyni. Og þar sem sú ákvörðun stefnda var tekin með lögmætum hætti og tilkynnt Vélsmiðju Jens Árnasonar h/f með fyrirvara, sem ekki verður, eins og á stóð, talinn of stuttur, þykir stefndi eigi hafa með nefndri samþykkt og framkvæmd hennar gerzt brotlegur við ákvæði laga nr. 80/1938, og ber samkvæmt því að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 15.000.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Félags járníðnaðarmanna, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendasambands Íslands f. h. Meistarafélags járníðnaðarmanna vegna Vélsmiðju Jens Árnasonar h/f, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 15.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.